



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR

um stuðning við samfélagsvirkni akademísku starfsfólks Háskóla Íslands

Bls. 1 af 2
Samþykkt í háskólaráði
7. maí 2020
(málsnr: HÍ20050061).
Endursk. 2. febrúar
2023 (málsnr. HÍ23020012)
Ábyrgð á framkvæmd
og eftirfylgni:
Forsetar fræðasviða, sviðsstj.
vísinda og nýsköpunarsviðs,
sviðsstjóri fjármálasviðs

Verklag

Verklagsreglur þessar tilgreina hvernig styðja skal við virka þátttöku akademísku starfsfólks í samfélaginu í krafti rannsókna þess og sérþekkingar. Markmiðið er að veita þeim sem leggja sig fram við að miðla rannsóknum sínum til almennings eða nýta þær til almannaheilla tímabundið aukið svigrúm og stuðning.

Stuðningurinn felur í sér viðurkenningu á því að:

- virgni og samstarf við aðila í samfélaginu sé mikilvægur þáttur í starfsemi háskólans og að
- mikilvægt sé að skapa starfsfólki svigrúm til að sinna slíkum störfum í tengslum við rannsóknir sínar og þekkingarmiðlun.

Þetta gildir fyrir akademískt starfsfólk með rannsóknaskyldu (að jafnaði prófessora, dósentar, lektora, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga) á öllum fimm fræðasviðum háskólans.

Í fjárhagsáætlun háskólans ár hvert verði gert ráð fyrir tilteknum fjármunum til að styðja við samfélagsvirkni akademískra starfsmanna.

Framkvæmd

Hver styrkuppþæð nemur á bilinu 0,5-1,5 millj.kr.

Úthlutað er einu sinni á ári og eru styrkir ætlaðir til að auðvelda akademísku starfsfólki að sinna afmörkuðu og tímabundnu samfélagsverkefni sem tengist rannsóknum viðkomandi. Nýta má styrkinn á hvern þann hátt sem hentar umsækjanda best til að styðja við viðkomandi verkefni. Þó er ekki gert ráð fyrir að umsækjandi greiði sjálfum sér yfirvinnu. Þannig er t.d. hægt að ráða tímabundið aðstoðarfólk sem annað hvort léttir undir með öðrum hefðbundnum verkefnum við kennslu og rannsóknir eða að það hafi beina aðkomu að samfélagsvirkni verkefninu.

Eftirfarandi almenn viðmið gilda um styrkhæf verkefni:

- Nefndarstörf fyrir stjórnvöld og fagaðila um tímabundið og afmarkað verkefni.
- Ráðgjöf eða vinna við stefnumótun fyrir stjórnvöld, fagfélög eða félagasamtök.
- Viðamikil miðlun fræðslu- eða upplýsingaefnis fyrir almennig, í ljósvakamiðlum eða sem gefið er út í prentuðu eða stafrænu formi.
- Undirbúningur og skipulagning hvers konar viðburða sem leiða saman ólíka hagsmunaaðila á tilteknu fagsviði.
- Alþjóðlegar ráðstefnur og vinnustofur sem haldnar eru í Háskóla Íslands.

Fræðasviðum er heimilt að tilgreina fleiri viðmið um styrkhæf verkefni, sem skulu þá tilgreind í verklagsreglum viðkomandi sviðs um stuðning við samfélagsvirkni akademísku starfsfólks.

Til þess að unnt sé að bregðast við ófyrirséðum verkefnum hverju sinni, er í undantekningartilvikum heimilt að sækja um stuðning hvenær ársins sem er eftir því sem slík verkefni koma upp.

Umsóknarferli

- Vísinda- og nýsköpunarsvið auglýsir eftir umsóknum um styrki og veitir allar upplýsingar og leiðbeiningar um þá.
- Umsóknarfrestur er að jafnaði um miðjan janúar ár hvert.
- Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR

um stuðning við samfélagsvirkni akademísku starfsfólks Háskóla Íslands

Bls. 2 af 2
Samþykkt í háskólaráði
7. maí 2020
(málsnr: HÍ20050061).
Endursk. 2. febrúar
2023 (málsnr. HI23020012)
Ábyrgð á framkvæmd
og eftirfylgni:
Forsetar fræðasviða, sviðsstj.
vísinda og nýsköpunarsviðs,
sviðsstjóri fjármálasviðs

- Umsókn (hámark 1000 orð) fylgi lýsing á markmiðum verkefnis, rökstuðningur fyrir samfélagslegu mikilvægi þess, með hverjum er unnið (ef við á), hæfni til að sinna verkefninu og áætlun um framkvæmd, tímaramma og kostnað ef við á. Fram komi með skýrum hætti hvernig verkefninu verði miðlað til hagsmunaaðila.
- Forseti fræðasviðs sér um að umsóknum fræðasviðs sé forgangsraðað. Forgangsraðaðar umsóknir skulu berast Vísinda- og nýsköpunarsviði þremur vikum eftir umsóknarfrest. Tilkynnt er um styrkúthlutun fyrir lok febrúar.

Úthlutunarnefnd

Rektor skipar þriggja manna úthlutunarnefnd sem fer yfir umsóknir, tekur ákvörðun um úthlutun og óskar eftir viðbótargögnum ef við á.

Tekið er mið af eftirfarandi forsendum:

- Forgangsröðun fræðasviðs.
- Fjöldi umsókna frá sviði.
- Mat á gæðum verkefnisins og hvernig það fellur að stefnu Háskóla Íslands um virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi.

Úthlutun

Vísinda- og nýsköpunarsvið annast framkvæmd úthlutunar í umboði úthlutunarnefndar og sendir greinargerð um heildarúthlutanir styrkja til rektors og forseta fræðasviða til kynningar. Niðurstöður verða jafnframt birtar á heimasíðu vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Vísinda- og nýsköpunarsvið ásamt fjármálasviði hafa umsjón með að styrkir séu greiddir til viðkomandi fræðasviða eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Skil á framvinduskýrslu eru forsenda þess að starfsmaður fái styrk á nýjan leik. Framvinduskýrslu skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á heimasíðu sjóðsins.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.

Endurskoðun

Verklagsreglur þessar verða endurskoðaðar tveimur árum eftir gildistöku þeirra.